

# Námskeið í þróunarheimspeki:

## Þrískipting Helgivaldsins.

Stofnað á Lemúríútímabilinu.

Hinir þrír miklu lávarðar stjórna þrískiptri deildarskiptingu Helgivaldsins og standa fyrir, hver á sínu sviði, hina þrjá þætti guðdómlegrar birtingar.

Monadar fjórða Helgivaldsins skiptast í þrjá hópa:

- Monadar viljapáttarins - 1. geisli
- Monadar kærleikspáttarins - 2 geisli
- Monadar Vitundarþáttarins - 3 geisli

## Helgistjórn Jarðarinnar.

Shamballa (*S.D. Sambhala*)

Lávarður Heimsins, - Sanat Kumara.

Birting kærleika plánetulogosarins.

- Sex Kumarar vinna með Sanat Kumara í Helgivaldinu og mynda ásamt honum hina sjö kumara plánetukerfisins, þeir eru orkustöðvar plánetulogosarins.

-Hver orkustöð svarar til einnarar keðju og hnettirnir eru minni hjól innan hverrar orkustöðvar. Birting logosarins á jörðinni flæðir gegnum þrjár orkustöðvar og sú fjórða er í þróun, þannig tengjast fjórir hnettir þessari þróun, þrír kumarar eru vitundarlega virkir, þrír eru óvirkir og einn er byrjaður að starfa og dögum hans framundan. Hnettirnir svara til keðjanna.

- Hver þeirra er birting og dreyfing orku hvers af hinum sex plánetulogosum.

- Þeir eru farvegur lífsorku geislanna sex m.a, til monada á hvaða geisla sem er, í

hverri keðju og hvaða hnetti sem er.

- Fimm þeirra standa fyrir manaspættinum á jörðinni.

- Þeir eru fulltrúar fyrir

Hina fjóra karmadrottnana.

Hinn mikla deva jarðarinnar.

- Hver þeirra skiptist á að vera ýmis dulur og innræður eða útræður og í birtingu.

**Þrír útræðir**, (Pratyeka - Buddar), buddar athafnarorkunar.

Þeir fela í sér virkan vitsmunalegan og kærleiksríkan vilja.

Þeir eru full blómgun vitsmunanna ásamt Sanat Kumara og eru plánetuorkan í birtingu.

Þeir birta vilja logosarins í hinum þrem lægri ríkjum.

Hver þeirra hefur orku eins af hinum þremur æðri millisviðum hugarsviðsins og miðla orku við þriðju, fjórðu og fimmtu vígslu.

Námskeið í þróunarheimspeki:

Peir eru nemendur Sanat Kumara.  
**( S.D. Nefnir þá Sanandana, Sanaka, Sanatana).**

**Þrír duldir** og innræðir, geyma leynda orku plánetunar sem ekki er í birtingu. Peir miðla orku við tvær æðstu vígslunar.  
**( S.D. Nefnir þá Sana, Kapila, Sanatsujata).**

**MANU: (Vaivasvata Manu) - Viljaþátturinn.**

Mannkynshöfðingi fimmta kynstofnsins  
Hinn fullkomni maður, fyrirmynd aríska kynþáttarins innan fimmta kynstofnsins. Brennipúntur 1. geislans, vilja og valds þáttarins.

Honum er falið að koma vilja og tilgangi plánetulogarins í framkvæmd. Orkan sem flæðir í gegnum hann, kemur frá höfuðstöð plánetulogasarins í gegnum heila Sanat Kúmara.

- Meginhlutverk hans er þróun kynstofnsins, breyting á meginlöndunum og jarðarinnar og í heild þróun formsins sem andinn birtir sig í.
- Hann eyðir og byggir upp formin.
- Hann vinnur í nánu samstarfi við Manu fjórða kynstofnsins, sem enn er í birtingu og var annar í röðinni sem Manu fjórða kynstofnins ( Tók við í lok Atlandistímabilsins).

**HEIMSFÆÐARINN, Kristur - Kærleikþátturinn.**

Lávarður kærleika og samúðar, einnig þekkstur sem Bodhisattva, Maitreya, Iman Madhi. Hann er birting hjartastöðvar plánetulogasarins, gegnum hjarta Sanat Kúmara.

- Kennari meistaranna og leiðbeinandi englanna.
- Meginhlutverk hans er framvinda lífsins og handleiðsla andlegra markmiða mannkynsins, þróun lífsins innan formsins.
- Þróun trúarbragðanna.
- Hann vinnur í tengslum við fjórða og fimmta kynstofnin.
- Tók við af Buddha um árið 600 f. Krist.

**MAHACHOHAN, - Athafnaþátturinn.**

- Lávarður siðmenningar, athafna og greindar.
- Hann er heildarbirting vitsmunarþáttarins.
- Hann ræður athöfnum hina fjögurra lægri geisla og samhæfir þá í þriðja geislanum.

Starf hans er að styrkja samband anda og efnis, lífs og forms, sjálfs og ekki sjálfs, vinnur við að efla siðmenninguna, vitsmunalega menningu kynstofnanna og vitsmunalega orku.

Hann er höfuð allra meistara. Tók við þegar annar kynþáttur Atlantíska kynstofnsins var við lýði.

## **Karmadrottarnir fjórir. Maharajas.**

Fjórir fulltrúar hinna fjögura Maharaja eða hinna fjögurra karmadrottna sólkerfisins (sem sinna sérstaklega þróunni í ríki mannsins nú á okkar tímum) eru meðlimir í Helgivaldinu.

Fjórða helgivaldsins (mannlegra monada) og Lípíkadrottanir í sínum þremur hópum, ( **fyrsti** og **annar** hópur, auk hinna fjögurra karmadrottna ( Maharaja ) mynda hina þreföldu karmísku drottna sem standa á milli Sólarlogosarins og hinna sjö plánetulogosa) eru meira tengd en önnur helgivöld og örlög þeirra eru mjög samofin. Frekari tengsl í þessari keðju liggja í þeirri staðreynd fjórir geislar hugans ( sem hefur með karma fjögurra plánetulogosa að gera ) hafa að geyma núverandi þróunarferill mannsins, þ.e. manninn sem Hugsuðinn.

Þessi samvinna lýsir sér hvernig þessir hópar samtinnast:

Fyrst: Hinir fjórir Karmadrottnar, hinir minni Lípíkadrottnar sem leggja fram karma fortíðarinnar og vinna úr því í nútíðinni.

Annað: Hinir fjórir Lípíkadrottnar úr **öðrum hóp** sem leggur til framtíðar karma og þar með örlög kynstofnanna í framtíðinni.

Þriðja: Fjórða skapandi helgivaldið er undir fjórföldu karmalögmáli og undir leið sögn Lípíkadrottnanna.

Fjórða: Hinir fjórir plánetulogosar sem standa fyrir , Samræmi, Þekkingu, Abstrakt hugsun og Helgisiða mynda í heild sinni hin fjórfalda Manas í þróunarferlinum sem allir menn eru undir áhrifum af.

Fimmta: Devadrottarnir hinna fjóru buddisku sviða ,eða sviði andlegs innsæis, Manas eða huglæga sviðinu, astralsviðinu og efnissviðinu er líka nátengdari mannlegri þróun en hinum hærri þremur sviðum.

Þetta er hægt að finna í þeim staðreyndum sem eiga sér stað í núverandi þróun:

Fjórða sviðið,hið buddíska, er það svið þar sem plánetulogos byrjar að yfirvinna plánetutakmörk sín, eða frá þeim ethervef sem er spegilmyndin á öllum sviðum.

Þegar maðurinn hefur þróað kraft , þó ekki væri nema til að snerta hið buddíska svið, þá byrjar hann að öðlast hæfileikann til að yfirgefa hið fjórða etheríska efnissvið.

Seinna yfirgefur hann samsvarandi á astralsviðinu og að lokum hið fjórða undirsvið hugarsviðsins, þetta leiðir endanlega til hæfileikans til að dvelja og starfa í sálarlíkamanum sem birtir kærleiks og viskupátt monadsins.

Við fjórðu vígsluna starfar hann á buddíska sviðinu og hefur endanlega yfirunnið persónubirtingu í fjórða undirsviði hugarsviðsins. Ekkert bindur hann lengur hinum þremur lægri sviðum.

## **Karma.**

*Einstaklingskarma* : Samanstendur af þremur þáttum:

*Agami karma*:

Samanstendur af öllum okkar hugsunum, orðum og gerðum og þeim áhrifum sem þau hafa á þig og aðra. Þetta fellur undir núverandi karma og hefur einnig áhrif á jafnvægi lífs okkar til góðs eða ills í framtíðinni.

*Sanchita karma*:

Athafnir okkar í fortíðinni sem eru fræ inní ótölulegan fjölda birtinga. Þetta eru allir okkar verðleikar uppsafnaðir, góðir eða slæmir.

*Prarabdha karma*:

Hluti *Sanchita karma* sem er ætlað að hafa áhrif í einu tilteknu lífi ( núverandi).

Til að skapa karma þáttin í hverju lífi þarf fimm þætti :

1. Leikarann, - persónuna.
2. Staðfestan vilja.
3. Þætti til framkvæmda, t.d. hönd, tungu ofl.
4. Þjálfun framkvæmdaþátta.
5. Áhrif þátta úr fortíðinni.

Það verður að hafa í huga að það eru samanlagðir þræðir athafnanna sem mynda reipið sem togar manninn til góðs eða ills í lífinu. Einstök verk vega kannski ekki þungt í en samanlögð tilhneying og mörg samskonar verk mynda það sterka reipi.